

Þessi búnaður skal háður viðurkenningu fánaríkisins, að teknu tilliti til tilmæla Alþjóðasiglinga-málastofnunarinnar í umburðarbréfi siglingaöryggisnefndar IMO, MSC/Circ. nr. 810.

- .3 Ef nota á rennu í kerfi til rýmingar skips sem flutningsleið skipbrotsmanna upp á þilfar skips skal hún búin handriðum eða stigum til að auðvelda klifur upp hana.

#### .9 Björgunarvesti

- .1 Þrátt fyrir ákvæði SOLAS-reglu III/7.2 og III/22.2 skulu nægilega mörg björgunarvesti geymd nálægt söfnunarstöðum þannig að farþegar þurfi ekki að snúa aftur til klefa sinna til að ná í þau.
- .2 Hvert björgunarvesti um borð í ekjufarþegaskipi skal búið ljósi sem uppfyllir ákvæði liðar 2.2.3 í LSA-kóðanum.

2. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, öðlast þegar gildi.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/75/EB frá 29. júlí 2003 um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 98/18/EB um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip, sem vísað er til í EES viðbæti nr. 56f í XIII. viðauka (Flutninga-starfsemi) við EES-samninginn, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2003.

*Samgönguráðuneytinu, 3. janúar 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi við Langholt á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 14. desember 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Langholt 1. Helsta breytingin er sú að bætt er við nýrri innkeyrslu á lóðina gegnt Miðholti. Bæjarstjórn hefur lýst því yfir að hún muni bæta það tjón sem breytingin kunnir að valda einstökum aðilum.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 3. janúar 2005.*

**Bjarni Reykjalm,** skipulags- og byggingarfulltrúi.